

**190. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
þriðjudaginn 18. október 2022 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2103321 - Húsnæðisúrræði- íbúðarhúsnæði fyrir fatlað fólk - lóð

Tillaga að lóð fyrir fyrirhugaða uppbyggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.

Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi á skipulags- og umhverfissviði mætti á fundinn undir þessum lið til að kynna tillögu að lóð fyrir búsetukjarna fatlaðs fólks á Akranesi að Tjarnarskóggum 15. Aðrar tillögur að lóðum undir búsetukjarna voru einnig ræddar og skoðaðar.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Höllu Mörtu góða kynningu.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við bæjarráð að lóðinni að Tjarnarskóggum 15 verði ekki úthlutað fyrr en ákvörðun um endanlega staðsetningu fyrir búsetukjarna í Skógarhverfi 5 liggur fyrir.

2. 2210089 - Fjöliðjan - Þarfagreining Búkollu og dósamóttökum

Þarfagreining stjórnenda Fjöliðjunnar fyrir Búkollu nytjamarkað og aðstöðu fyrir móttöku einnota umbúða. Um er að ræða rýmisþörf í húsnæði sem tekið verður á leigu þar til nýtt framtíðarhúsnæði fyrir umrædda starfsemi verður tilbúið.

Stjórnendur Fjöliðjunnar Guðmundur Páll Jónsson og Árni Jón Harðarson mættu á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir rýmisþörf Búkollu nytjamarkaðar og móttöku fyrir einnota umbúðir fram að þeim tíma sem varanleg húsnæðislausn fyrir þessa þjónustu liggur fyrir.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar ofangreindum stjórnendum fyrir greinargóðar útskýringar á rýmisþörf Búkollu og fyrir móttöku einnota umbúða.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur áherslu á að lausn finnist á húsnæðismálum Búkollu og móttöku einnota umbúða sem fyrst. Rýmisþörf sem þarf að tryggja er 350 ferm. fyrir Búkollu og 140 ferm. fyrir móttöku einnota umbúða.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar erindinu til afgreiðslu bæjarráðs.

3. 2210026 - Jafnréttisþing 2022

Upplýsingar um Jafnréttisþing 2022.

Lagt fram til kynningar.

CHS

4. 1810115 - Haustfundur Samtaka félagsmálastjóra á Íslandi

Til kynningar dagskrá haustfundar stjórnenda í velferðarþjónustu í salnum Kópavogi 27. - 28. október.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.

Kristinn H. Sveinsson
Einar Brundsson
Anita Þirðumarsdóttir